

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



Reykjavík, 21. desember 2010

**Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH) til Efnahags- og skattanefndar Alþingis vegna þingskjals nr. 231, 210. máls, 139. löggjafarþingi, 2010-2011.  
Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr.50/1988, um virðisaukaskatt og lögum nr.94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (kyrrsetning eigna), með síðari breytingum.**

Lagabreytingar ofangreindra laga ganga út á að veita skattrannsóknastjóra og tollstjóra viðtækari heimildir til kyrrsetningar eigna aðila sem rökstuddur grunur leikur á að hafi farið á svig við ofangreind lög um skil á opinberum gjöldum, sem tryggingu fyrir greiðslu meintra vanskila. Breytingin er rökstudd með tilvísun í ágreining um slík mál skattayfirvalda við aðila og í niðurstöðu Hæstaréttar, sem taldi núgildandi lög ekki veita slíkar heimildir.

#### Almennt

Hagsmunasamtök heimilanna taka undir þörf á slíkum heimildum og styðja þessar breytingar í ljósi verulegra almannahagsmuna. Það skiptir verulegu máli að samneyslan sé borin uppi af sem flestum og að lögboðin opinber gjöld skili sér sem skildi í sameiginlega sjóði. Verulegir breistir í þeim efnunum leiða til beinna aukinna og ósanngjarnra áлага á heimili og fyrirtæki. Tekið er undir að breytingin sé mikilvæg í því ljósi að niðurstöður RNA og sífellt fleiri skýrslna um starfshætti fyrirtækja, fjármálafyrirtækja og endurskoðenda undanfarin ár, sem benda til að allnokkur hluti hagkerfisins einbeiti sér að því að sniðganga lögboðna skatta. Kostnaður af slíkum undanskotum kemur einna þyngst fram hjá heimilum, einkum þeim sem eru með verðtryggð lán. Tekið er undir þörf fyrir virkni laganna á mál, þar sem rannsókn er þegar hafin.

Hagsmunasamtök heimilanna hvetja skattayfirvöld til að endurskoða skattkerfið almennt til einföldunar og innleiðingu jákvæðari hvata, þannig að heimili og fyrirtæki eigi bæði auðveldara með að fara að lögum og sjái sér beinan hag í því. Núverandi kerfi er verulega flókið, sem leiðir til að bæði er erfitt að fara eftir því og eins að hafa eftirlit með því.

Skattayfirvöld eru einnig hvött til að skoða raunverulega norræna velferðarskattastefnu, í stað þess að innleiða endalausar skattaálögur á heimili og fyrirtæki sem eiga ekkert skylt við norræna velferð. Hin norræna tenging er eingöngu til þess fallin að slá ryk í augu fólks um þau kerfi sem þar eru starfrækt, en undir allt öðrum formerkjum. Hér er sérstaklega bent á velferðaráherslur gagnvart heimilunum í norrænum skattkerfum og skattalegar forsendur fyrir samkeppni um tekin lán heimila og fyrirtækja. Stjórnvöld verða að sýna fordæmi rekstrarlegs siðferðis um sanngirni og velferðarstefnu í verki í endurbótum skattkerfisins. Stefnulaus skattþíning getur ekki annað en leitt til þess að skattundanskot og siðrof gegn samneyslunni verða enn viðtækari. Stjórnvöld eru því hvött til tafarlausrar endurskoðunar á stefnu í skattamálum.

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / [www.heimilinn.is](http://www.heimilinn.is)

Friðrik Ó. Friðriksson, formaður